

**Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, 16.febrúar 2017. Haldinn í Stangarhyl 4, Reykjavík.**

Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður FEB setti fundinn og voru þau Helgi Pétursson kosinn fundarstjóri og Erna Indriðadóttir fundarritari. Helgi tók við stjórn fundarins og Þórunn flutti skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á síðasta ári. Fer ræða hennar hér á eftir:

Fundarstjóri. Ágætu félagsmenn í Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Það er ávallt gott og gagnlegt að líta yfir liðið ár og skoða starfssemina. Á aðalfundi 2016 voru kosin ný í stjórn þau Guðrún Árnadóttir og Helgi Pétursson en þau eru bæði aðalmenn.

*Undanfarin ár hef ég nefnt að markmið mitt væri að koma FEB út úr því að vera í mörg ár í mínus fjárhagslega. Það hefur loksins tekist með sóma og má þar þakka öllum sem þar hafa lagt hönd á plóg.*

*Ég tel að félagið þurfi að eiga tekjuafgang til að mæta óvæntum úrgjöldum. Þyngsta greiðslan ár hvert eru aðildargjöld í LEB.*

*Það er mörgum þynnrir í augum þar sem LEB hefur á einhvern hátt tekist að vinna af hógværd að hagsmunum eldri borgara og almennt að sýna málefnum þeirra dugleysi.*

Við eigum nú góðan sjóð til að grípa í ef þörf er á auk þess sem við höfum greitt niður skuldir og dregið úr álagningum á námskeið FEB.

Starfsárið sem við erum nú að fara yfir hefur verið mjög fjölbreytt og líflegt. Grái herinn kom í stað kjaranefndar FEB með nýjar leiðir til að ná árangri. Þannig varð til útifundur og svo stóri fundurinn í Háskólabíó.

Þarna urðu kaflaskil og fólk skildi að við án LEB værum í alvöru baráttu. Stuttu eftir þennan fjölmenna fund var ákveðið af hálfu ríkisstjórnar að bæta í varðandi lífeyrisfrumvarpið en þar voru fyrirætlanir um að 5.3 milljarðar gætu gert mikið. Við höfðum ítrekað sagt að yfir 2 milljarðar færu í skatta og því þyrfti meira fjármagn. Á okkur **var hlustað** og bætt við yfir 6 milljörðum inn í frumvarpsvinnuna. Það leiddi til þess að LEB var beðið um umsögn aftur hjá velferðarnefnd Alþingis og FEB líka. Umsagnirnar voru afar ólíkar og í ljós hefur komið að gagnrýni FEB stóð á réttmætum grunni.

Þetta er ekki auðveld staða. Því hafa æ fleiri spurt hvað FEB sé að gera inn í Landsambandi eldri borgara. Þá er átt við að skatturinn sé of hár eða um 6.000 milljónir í ár og að baráttuaðferðir LEB séu mjög óljósar og handahófskenndar. Um þetta hefur stjórn FEB fjallað og síðan beðið um fund með stjórn LEB hvað sé til ráða. Til að byrja með var fátt um svör en svo komu fram tillögur sem við teljum að myndu verða felldar á næsta landsfundi LEB. Hvað er þá til ráða? Ræðum það frekar.

Stjórn FEB hefur lagt mikla áherslu á að halda áfram að koma sínum skoðunum á framfæri við bæði Borgarstjóra, formann velferðarsviðs og samstarfnefnd um málefni aldraðra í Reykjavík. Eitthvað þokast en skilvirkni stjórnkerfisins er ekki mjög mikil. Þó er að hilla í nýjan upplýsingabækling um málefni eldri borgara sem von er á úr prentun þessa dagana. Nokkur önnur mál hafa komist áfram sem eru í undirbúningi svo sem að byggja nýtt hjúkrunarheimili með fleiru við Sléttuveg með aðkomu Reykjavíkurborgar.

Loksins! Loksins!

Unnið var að undirbúningi aldursvænna borga á árinu og eru fyrstu niðurstöður hópa komin í hús. Þar var fjöldi frá FEB sem kom að forvinnu tillagna sem við þökkum þeim öllum fyrir fyrsta kafla er þar með lokið og komið að næsta áfanga.

Í lok árs 2016 var undirritað samkomulag um aðkomu FEB að félagsstarfi í Árskógum. Það er skemmst frá því að segja að húsnæðið reyndist mjög óhentugt og einnig var um að ræða mjög formfastar óskir um hvað má og hvað ekki. Við gerðum þó okkar besta þar.

Fjölgun félagsmanna FEB hefur verið með mesta móti. Margir skiluðu sér við útsendingu til ákveðinna aldurshópa en jafnframt hafði öflug barátta FEB fyrir bættum kjörum mikil áhrif. Staðan nú er um 10.500 félagsmenn. Öll met slegin.

Bygging FEB að Árskógum hefur orðið fyrir síendurteknum töfum.

Félagsstarfssemin hefur verið í nokkuð föstum skorðum það er að segja að hér er tefld skák á þriðjudögum. Lesnar Íslendingasögur, farið í gönguferðir, leshópur hittist, ljóðahópur mætir, haldin söngvaka og dansað af lífi og sál bæði gömlu dansarnir og dansar fyrir alla aldurshópa auk danskennslu. Söngkór starfar. Haldið var námskeið í Skapandi skrifum og annað hefst í mars. Spjaldtölvukennsla sem hefur slegið í gegn er enn á fullu. Um 300 félagsmenn eru búnir að koma á námskeið og fleiri eru framundan. Ný könnun var gerð á afmælisárinu og margir fræðslufundir haldnar

Nokkrar ráðstefnur voru haldnar á árinu en mismikill árangur af þeim. Átök um lífeyrismálin einkenndu árið enda var frumvarp um alm.tr. afar furðulegur gjörningur; eingöngu í pólitískum tilgangi svo að fjaðrir mættu bætast á ákveðinn flokk. En frumvarpið var á einhvern hátt eins og saga H. C. Andersens um nýju fögin keirsarans; fullt af lofti og talsýnum og margir skyldir eftir. Hvar var norræna módelið um velferð allra alla leið eins og Jocum Palme sagði á fundi hér á landi? Ég spyr? Hvar var þekking alþingismanna?

Stjórn FEB hefur verk að vinna og er sýnilegt og marktækt í umræðunni um málefni eldri borgara hverju sinni. Fjölgun t.d. á boðum inn á starfslokanámskeið segja mikið. Sem og á allskonar fundir hjá félgagasamtökum.

Næstu áherslur munu snúa að enn bættum kjörum, hreyfingu, hollu matarræði og hugarleikfimi til að bæta góðu lífi við efri árin. Virðing og samfélagsábyrgð gagnvart eldri borgurum er líka verkefni sem við ein getum unnið til að bæta ímynd okkar sem byggjum þessa borg.

Framtíð og ímynd FEB er okkar æðsta markmið og að vinna að verkefnum sem bæta hag, virðingu og velferð eldra fólks. Ég ætlaði strax í upphafi fyrir 4 árum að koma fjárhag FEB í almennilegt horf. Það hefur kostað átök og nú loks hillir í að við séum á réttri leið en nú er loks tekjuafgangur sem einhverju nemur. FEB verður að eiga afgang til að bregðast við því sem þarf hverju sinni. Nú er svo komið að bæta þarf við starfsmanni vegna mikilla umsvifa. Það er hægt vegna verulega góðrar fjámálastjórnar Gísla Jafetssonar framkvæmdastjóra og starfsmanna FEB sem vinna ákaflega vel að málefnum félagsins.

Stjórnin þakkar starfsfólki FEB fyrir vel unnin störf á liðnu ári en hér er oft glatt á hjalla í afgreiðslunni og við móttöku á félagsmönnum.

Nýir tímar; ný verkefni : „I have a dream“ Ég á mér draum sagði Marteinn Luther King.

Mig dreymir um mörg önnur verkefni s.s. veðlagsmálin en þar þurfum við að vera sterkir gagnrýnendur. Við erum misnotuð í sukki manna við að reka verslanir 7 daga vikunnar og líka á næturnar. Þarf það? Þekkist ekki um mestalla Evrópu. **Gerum uppreisn.**

Umhverfismálin eru mér hugleikin og vil ég taka þátt í að mynda Vistvænan her til að berjast fyrir umhverfisvernd í víðri merkingu.

Hjúkrunarheimilin og uppbygging þeirra..... ekki seinna en í gær. Hvers vegna er þessi viðkvæmi hópur sniðgenginn? Það er okkur öllum til skammar.

Brettum enn og aftur upp ermar og gerum enn betur.

FEB hefur á undanförunum árum komið mjög oft fram í fjölmiðlum og sett mark sitt á umræðuna um okkar kjör og aðstæður. Við verðum að halda áfram að koma mjög oft fram í öllum fjölmiðlum. Oft segir fólk við okkur: „Það hefur ekkert heyst í ykkur“. En ef hægt er að segja ...O.K. við vorum í útvarpi nýlega þá erum við samþykkt.

Nú er ég að ljúka mínum 4 árum sem formaður FEB eins og lög þess kveða á um. Þetta hefur verið mun meira starf en ég átti von á en baráttan verið mjög áhugaverð og svo innilega full af réttlætiskennd. Því auðveldara er að stíga fram og færa rök fyrir hverju við berjumst fyrir.

Við þufum að berjast fyrir virðingunni. Hún byrjar hjá okkur sjálfum því þá er hægt að biðja aðra um að sýna okkur virðingu.

Verum stolt og keik um okkar efri ár.

Þau eru mikilvæg fyrir okkur og samfélagið allt.

Það erum við búin að sanna rækilega

Takk fyrir gott samstarf við félagsmenn

**Ársreikningar 2016 og fjárhagsáætlun 2017.** Þegar Þórunn lauk ávarpi sínu, fór Ellert B. Schram yfir ársreikninga félagsins, í fjarveru Gísla Jafetssonar framkvæmdastjóra félagsins og Hrafns Magnússonar gjaldkera en þeir voru báðir veikir. Félagið var rekið með 7.4 milljóna króna afgangi árið 2016. Eignir félagsins samkvæmt efnahagsreikningi eru 66.5 milljónir króna. Þetta er minni hagnaður en árið á undan, sem stafar af því að bætt afkoma félagsins þá, var að mestu notuð til að greiða niður skuldirnar sem hvíla á húsi félagsins og til að halda gjöldum fyrir félagsstarfið á síðasta ári í lágmarki, þannig að félagar nytu með þeim hætti góðs af bættri afkomu. Ársreikninginn er að finna aftast í þessari fundargerð. Ellert greindi síðanfrá fjárhagsáætlun næsta árs, en þá er gert ráð fyrir að félagsgjaldið hækki úr 4000 krónum, í 4.200 krónur.

Ekki urðu umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárhagsáætlun.

**Kosningar.** Sjálfkjörið var í stjórn, þar sem einungis einn listi barst í stjórnarkjörinu. Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður hefur setið í 4 ár, en það er sá hámarkstími sem formaður félagsins getur gegnt formennskunni. Ellert B. Schram sem var varaformaður í stjórninni, tók við formennsku í félaginu af Þórunni. Aðrir sem voru kosnir nýir í stjórn eru: Guðmundur Gunnarsson fyrrum formaður Rafiðnaðarsambandsins, Sigríður Snæbjörnsdóttir fyrrverandi framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar á Suðurnesjum og Sjöfn Ingólfssdóttir sem var lengi formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Skoðunarmenn reikninga voru einnig sjálfkjörnir og verða áfram þeir sömu.

**Ályktanir.** Tvær ályktanir voru fluttar á fundinum, önnur um tannlæknakostnað eldri borgara og hin um byggingu hjúkrunarheimila og voru þær báðar samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta. Þær hljóðuðu svo:

**Tannlækningar eldri borga**

Af gefnu tilefni viljum við gefa heilbrigðisráðuneytinu tækifæri á að greiða sem allra fyrst þá skuld sem ráðneytið skuldar eldri borgurum vegna ákvæða í reglugerð um tannlækningar frá 2013. Skuldin var talin nema 800 milljónum s.l. haust. Það staðfesti þáverandi heilbrigðisráðherra í viðtali við fjölmiðla þann 13. september s.l. þar sem hann sagði að verið væri að reikna skuldina út og vinna stæði yfir í ráðuneytinu við það verkefni.

Fram hefur komið að 23.000 eldri borgarar hafi greitt of mikið vegna tannlæknaþjónustu.

Óskað er eftir viðtölum við stjórnvöld um málið sem allra fyrst og áður en skuldin verður sett í lögfræðilega innheimtu.

### **Heilbrigðismál**

Sú alvarlega staða er nú uppi að hjúkrunarheimilispláss fyrir aldrað veikt fólk eru allt of fá. Fólk bíður og bíður á Landspítalanum og einnig í heimahúsum. Það bjargast með dagþjálfun eða með því að ættingjar taka að sér umönnun þess.

Bygging hjúkrunarheimila hefur setið á hakanum í alltof langan tíma og nú þegar loks hillir undir eitt hjúkrunarheimili er öllum ljóst að biðin er enn tvö ár a.m.k.

Það er því áskorun til heilbrigðisráherra að finna lausn á fráflæðisvanda Landspítalans og efla enn frekar stuðning með dagþjálfun og hvíldarinnlögnum.

Það er ekki mannsæmandi að fólk með fullt heilsu- og færnimat liggi á göngum sjúkrahúsa vikum saman. Á þeim tíma falla margir frá án þess að fá lausn sinna mála.

Í Reykjavík á að opna 100 rými á næstunni en biðin er þungbær og þeir sem bíða þarfnast mikils stuðnings og þeirra fjölskyldur. Brýnt er að leysa þann vanda hratt.

**Árgjaldið.** Tillaga um að hækka árgjald félagsins úr 4000 krónum í 4.200 krónur var samþykkt.

### **Önnur mál – Tillaga um að félagið segi sig úr Landssambandi eldri borgra.**

Guðrún Árnadóttir stjórnarmaður í FEB flutti tillögu Bryndísar Víglundsdóttur um úrsögn Félagsins úr Landssambandi eldri borgara. Tillagan var svona:

Undirritaður félagi í FEB leggur til að: Félag eldri borgara í Reykjavík (FEB) segi sig úr Landssambandi eldri borgara (LEB). Úrsögn fari fram innan þess tímaramma sem lög FEB leyfa.

Greinargerð:

Eðlilegt væri að LEB starfaði sem málafylgjuaðili alls eldra fólks á Íslandi. Næg eru verkefni og mikið var unnið á síðastliðnu hausti. Landssambandið kom ekki að þeirri vinnu. FEB dró eitt vagninn. Það eru augljós sannindi að margar raddir mynda öflugri tón en ein rödd. Rödd eldra fólks úti á landi heyrðist ekki í aðliggjandi baráttustarfi fyrir kosningarnar á liðnu hausti. Úrsögn úr núverandi landssambandi opnar möguleika á því að myndað verði öflugt og virkt samband allra félaga eldra fólks á Íslandi, samband sem virkjar afl fólksins til áhrifa.

Af reynslunni má telja líklegt að fjármunir þeir sem FEB hefur til umræða (félagsgjöld) nýtist best í höndum stjórnar/framkvæmdastjóra FEB til að ná fram mannvænum breytingum þar sem er talin vera þörf á breytingum og til að fá hnekkt ólögum sem hafa verið sett og kunna að verða sett og snerta gamalt fólk.

Það þarf öfluga forystu til að sameina krafta eldra fólks í dreifðum byggðum landsins. Sameinuð getum við beitt afli okkar.

Með vísan til reynslu fyrri ára má álykta að starfshættir núverandi forystu LEB muni ekki breytast. Þess vegna er til komin sú tillaga sem hér er borin fram.

Nokkur umræða spannst um tillöguna og fram kom að á landsfundum LEB hefur Reykjavíkurfélagið sem er álíka fjölmennt og öll landsbyggðarfélagin tilsamans, 20 fulltrúa af 130. Greint var frá því að þetta mál væri í vinnslu í stjórn FEB, sem hefði sent LEB bréf og óskað eftir að fara yfir mögulegar breytingar á starfsháttum sambandsins. Málið væri í vinnslu hjá stjórn félagsins, sem hefði tilkynnt LEB um úrsögn innan 6 mánaða, ef engin breyting yrði á starfsháttunum. Grétar Þorsteinsson sagðist sammála gagnrýni á LEB, en honum kæmi á óvart að stjórnin hefði farið af stað með úrsögn, án þess að bera það undir félagsfund. Hann taldi ekki rétt að félagið segði sig úr LEB, heldur væri betra að berjast fyrir því að breyta sambandinu. Ellert B. Schram, sagði að í úrsögninni hefði verið fyrirvari um samþykkt félagsfundar eða aðalfundar FEB. Hann lagði til að tillögu Bryndísar yrði vísað til stjórnar. Hann sagði jafnframt að LEB virti að vettugi eigin lög og hefði ekki kallað saman fund fulltrúa allra aðildarféлага til að fjalla um stórmál. Þá væri FEB að borga LEB 6 milljónir króna á ári fyrir þjónustu sem væri engin. Formaður LEB væri þar líka framkvæmdastjóri, en símsvörun LEB hefði verið útvistað. „Þetta er ekki sú þjónusta sem við viljum“, sagði Ellert. „Við bjóðum uppá samninga um að við borgum minna“. Fleiri atriði voru rædd og þeir sem tóku til máls, vildu skoða málið betur og reyna til þrautar að ná samkomulagi við LEB. Á endanum var samþykkt að vísa málinu til stjórnar félagsins.

### **Félagar heiðraðir**

Fjórir félagar FEB voru heiðraðir á fundinum, fyrir sjálfbóðaliðastörf í þágu félagsins. Þeir voru:

Finnur Finnsson sem hefur lengi verið með skáklúbb FEB og haldið þar uppi öflugum starfi.

Hjónin Jón Freyr Þórarinsson og Matthildur Guðmundsdóttir sem hafa árum saman staðið fyrir öflugum dansi innan félagsins.

Jón R. Hjálmarsson sem hefur lengi verið leiðsögumaður félaga í FEB um allt land og er ekki hættur enn þó hann sé kominn yfir níuætt.

**Eftir þetta var fundi slitið og boðið uppá kaffiveitingar.**